



Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík 10. apríl 2017

1703001HA VRH
Málalykill: 30.22

Efni: Umsögn Hafnasambands Íslands um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun um orkuskipti.

Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaráætlun um orkuskipti var tekin fyrir á fundi stjórnar Hafnasambands Íslands þann 27. mars sl. Eftirfarandi er umsögn hafnasambandsins um tillöguna.

Stjórn Hafnasambands Íslands fagnar því að búið sé að leggja þingsályktunina fram. Enda er hún að stórum hluta í samræmi við bókanir hafnasambandsþings sem haldin var 13.-14. október 2016 en þar var eftirfarandi bókað:

„Hafnasambandsþing haldið á Ísafirði dagana 13. og 14. október 2016 skorar á umhverfisstjórnuneytið að taka upp viðræður við Hafnasamband Íslands um hvernig megi auka notkun endurnýjanlegrar orku til skipa í viðlegu. Flestar hafnir landsins eru með rafdreifikerfi sem dugar til landtengingar smærri skipa og báta, en ef vilji stendur til þess að auka verulega sölu á raforku til þess að minnka útblástur skipa í höfnum, er einsýnt að það verður ekki gert nema með aðkomu ríkisins og fjárframlögum með svipuðum hætti og þekkist erlendis. Ljóst er að með aukinni landtengingu skipa við rafmagn og hitaveitu má draga úr losun gróðurhúsalofttegunda meðan skip eru í höfn. Í samræmi við skuldbindingar ríkisins í loftslagsmálum er því mikilvægt að þeirri skuldbindingu fylgi markvissar aðgerðir.“

Í stefnumörkun Hafnasambands Íslands sem einnig var samþykkt á hafnasambandsþingi 2016 kemur fram að Hafnasambandið skuli beita sér fyrir því að landhelgi Íslands verði skilgreind sem ECA-svæði (Emission Controlled Area) og hefur hafnasambandið nú þegar skrifað undir „The Arctic Commitment“.

Hafnasambandið leggur áherslu á að ekki sé eðlilegt að veita afslætti af hafnargjöldum til þeirra sem nota endurnýjanlegt eldsneyti. Tekjur hafna byggjast að stórum hluta á hafnargjöldum og það að veita afslætti gæti komið höfnum í fjárhagsvandræði en fjárhagsstaða margra hafna er því miður ekki nógu góð í dag. Eðlilegra væri að leggja álag á þá sem nýta ekki endurnýjanlegt eldsneyti.

Einnig vill hafnasambandið ítreka að nauðsynlegt sé að tryggja gott flutningskerfi til allra landshluta svo hægt sé að bjóða upp á landtengingu skipa og að fjárfesting í háspennuraftengingum geti ekki





verið borin uppi einungis af hafnasjóðum landsins. Aðkoma ríkisins að því verkefni er grunnskilyrði svo hægt sé að landtengja öll skip. Í stefnumörkun hafnasambandsins er komið inn á þessi verkefni en þar segir:

„Hafnasambandið telur mikilvægt að hafnir styrki rafdreifikerfi sín þannig að unnt verði að landtengja sem flest skip við þau. Mikilvægt er að ríkissjóður stuðli að þessu verkefni“ og „Hafnasambandið telur áhugavert og jákvætt að hafnir bjóði skipum háspennu landtengingar en slíkt verkefni er aðeins mögulegt ef ríkið tekur þátt í uppbyggingu slíkrar mannvirkja að 90%.“

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst
HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Gísli Gíslason

formaður stjórnar Hafnasambands Íslands